

| Starfsstöð  | Heimilisfang  | Viðstaddir   |                  |               |           |
|---|---|--|------------------|---------------|-----------|
| FE-1066<br>Klausturbleikja ehf. (IS-36123) Teygingarlæk, Brunasandi í Skaftárhreppi | Teygingarlæk, Brunasandi í Skaftárhreppi<br>880 Kirkjubæjarklaustur | Birgir Þórisson Ráðgjafi<br>Anna Magdalena Buda Rekstrarstjóri |                  |               |           |
| Tilfni  | Eftirlit framkvæmt  | Dagsetning skýrslu   | Tímar við úttekt | Viðbótartímar | Yfirvinna |
| Reglubundin skoðun  | 20.2.2020   | 24.2.2020  | 2,00             | 0,00          | 0,00      |

Skoðuð voru og tekin afstaða til 11 skoðunatriða af 18. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 4 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

25.5.2020

#### Alvarleg frávik

#### Frávik

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

#### Aðrar athugasemdir

Reglubundið eftirlit með rekstrarleyfisskýrðum Klausturbleikju fór fram þann 20.2.2020. Farið var yfir skráningar, gæðaskjöl og gengið var um fiskeldisstöðina og hún skoðuð.

Enginn búnaður var til staðar í frárennsli fiskeldisstöðvarinnar til að koma í veg fyrir að fiskur geti sloppið úr eldisstöð. Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga og útvega nauðsynlegan búnað til veiða ef upp kemur slysaslepping. Einnig þarf að halda utan um þjálfun starfsfólks sem vinnur í fiskeldisstöðinni.

Frestur til úrbóta er veittur til 25.5.2020.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

#### Starfsstöð

Klausturbleikja ehf. (IS-36123) Teygingarlæk,  
Brunasandi í Skaftárhreppi  
Teygingarlæk, Brunasandi í Skaftárhreppi  
880 Kirkjubæjarklaustur  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 6602901849

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 2

## Tengiliðir

|                      |         |                                    |                                       |
|----------------------|---------|------------------------------------|---------------------------------------|
| Anna Magdalena Buda  | 8994960 | klausturbleikja@klausturbleikja.is | Rekstrarstjóri                        |
| Klausturbleikja ehf. | 5252902 | bjartmar@fishproducts.is           | Framkvæmdastjóri - Bjartmar Pétursson |

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 20.02.2020

Frávik

Enginn búnaður í frárennsli sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldisstöð.

Skv. grein 3.2 í rekstrarleyfi Klausturbleikju og 13. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 skal frárennsli vera útbúið búnaði sem geri það fiskhelt.

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Sett inn: 21.02.2020

Frávik

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga í samræmi við reglugerð 1170/2015 og breytingar á tilkynningaskyldu í lögum nr. 71/2008.

Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga er lýst í 37. gr. og viðauka IV í reglugerð nr. 1170/2015. Eftirfarandi er nýleg breyting um tilkynningaskyldu ef upp kemur slysaslepping, en hún þarf að koma skýrt fram í viðbragðsáætlun:

13. gr. í lögum nr. 71/2008: "Rekstrarleyfishafi, sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga."

3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga

Sett inn: 20.02.2020

Frávik

Enginn búnaður til staðar í fiskeldisstöð til að veiða fisk ef upp kemur slysaslepping.

Skv. IV. viðauka í reglugerð 1170/2015 skulu allar fiskeldisstöðvar eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til veiða á eldisfiski ef upp kemur slysaslepping.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Sett inn: 20.02.2020

Frávik

Ekki er haldið utan um þjálfun starfsfólks. Sérstök þjálfun vegna slysasleppinga þarf að fara fram áður en starfsfólk hefur störf og skal hún skráð í þjálfunarskrá.

Þar sem rekstrarleyfishafi viðheldur nú þegar þjálfunarskrá fyrir starfsmenn í sinni eigin fiskvinnslu, og starfsmenn eru almennt þeir sömu sem starfa í fiskeldinu og í fiskvinnslunni, þá er ekkert því til fyrirstöðu að nýta sömu þjálfunarskrá fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

|                     |                          |   |
|---------------------|--------------------------|---|
| 2.1.1 Rekstrarleyfi | 2.1.2 Framleiðsluskýrsla | 3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi    |
| 3.2.3 Velferð fiska | 4.1.1 Dagbókarfærslur    | 4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu |
| 6.1.1 Mat á úrbótum |                          |   |

---

Rúnar Ingi Tryggvason  
runar.tryggvason@mast.is  
sérfraeðingur  
5304800

**Lagagrunnur eftirlits**

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.